

## TIL GREINAHÖFUNDA

**Við stefnum að því að hafa staðlaðan frágang og því biðjum við höfunda að kynna sér vel upplýsingarnar á þessari síðu.**

### EFNISVAL

Ritnefnd ákveður sjónarhorn og áherslur hvers ársrits, hefur samband við höfunda efnis og tekur afstöðu til þess hvort grein verður birt í ritinu.

### EFNI SEM Á ERINDI Í GÁTT

Gátt er ársrit sem ætlað er að vera vettvangur fyrir efni um fræðslumál fullorðinna með sérstakri áherslu á hverskonar starfsfræðslu. Í ritinu verða bæði ritryndar greinar og almennar og þar fer fram kynning á rannsóknum og lausnum í fullorðinsfræðslu og símenntun, jafnt hagnýtum sem fræðilegum. Ritið birtir greinar, viðtöl og frásagnir af nýjungum, farsælum verkefnum, framtíðarhugmyndum og breytingum á sviði símenntunar og starfsfræðslu ásamt reynslusögum af verkefnum á Íslandi, bæði úr fyrirtækjum og fræðslustofnunum.

### LESENDAHÓPUR

Lesendur eru breiður hópur þeirra sem koma að fullorðinsfræðslumálum á Íslandi, stjórnendur, leiðbeinendur, námsráðgjafar, kostendur fræðslu, kaupendur fræðslu, nemendur og þátttakendur. Textinn þarf að höfða til þessa breiða hóps, vera skýr og aðgengilegur og hafa augljósa tilvísun í eða tengsl við það hagnýta hlutverk sem Fræðslumiðstöðin gegnir.

### FRÆDIGREINAR OG ANNAÐ EFNI

Áskilið er að þær fræðigreinar sem birtar verða hafi ekki birst í öðru íslensku riti. Almenn er miðað við að fræðigreinar og annað efni sem birtist í ritinu sé á bilinu 1000-4000 orð að lengd og með þarf að fylgja stuttur útdráttur (hámark 200 orð) sem hafður er fremst. Ætlast er til að höfundar breyti efni og lagfæri það í samræmi við ábendingar ritnefndar. Verulegar lagfæringar í próförk eru bornar undir höfund.

Efni í ritið á að senda með tölvupósti á netfangið [gatt@frae.is](mailto:gatt@frae.is)

### MYNDSKREYTINGAR

Höfundar efnis eru beðnir að hafa samráð við ritstjórn um skil á myndefni sem fylgir greinum þeirra.

### HEIMILDIR

Um tilvísanir og heimildaskrá vegna greina í ársritinu vísast til hins svokallaða APA-tilvísanakerfis bandaríska sálfræðingafélagsins. Handhægar upplýsingar um það er einnig að finna í ritinu Gagnfræðakver handa háskólanemum eftir Friðrik H. Jónsson og Sigurð J. Grétarsson.

Dæmi um heimildaskráningu:

American Psychological Association. (2001). *Publication Manual of the American Psychological Association* (5. útgáfa). Washington: APA.

Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. (2002). *Gagnfræðakver handa háskólanemum* (3. útgáfa). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

### UPPLÝSINGAR SEM ÞURFA AÐ KOMA FRAM

Með öllu efni sem sent er í ritið fylgi sérstök titilsíða, á henni þurfa að vera eftirfarandi upplýsingar:

- Titill greinar, viðtals eða frásagnar sem gefi sem ljósasta mynd af efnisinnihaldi.
- Nafn og núverandi staða höfundar
- Síma- og faxnúmer, netfang

### UPPLÝSINGAR UM HÖFUND

Fræðigreinum þarf að fylgja örstutt ferillýsing höfundar, þ.e. bakgrunnur og reynsla á sviði fullorðinsfræðslu, staða þegar greinin er skrifuð, sérfræði- og/eða rannsóknasvið og nýleg mynd, helst í tölvutæku formi.

### ÚTDRÁTTUR

Öllum greinum þarf að fylgja stuttur útdráttur. Ársritið verður efnistekið og greinar skráðar í Gegni sem er bókasafnskerfi allra landsmanna. Útdrátturinn verður þýddur á ensku og birtur bæði á ensku og íslensku í ritinu til þess að auðvelda efnistöku og gera ritið aðgengilegt fyrir erlenda lesendur.